



86. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 10. júní, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.
2. Fulltrúar *Hagsmunafélags hestaeigenda á Blönduósi* mæta til viðræðna.
3. Framkvæmdaáætlun vegna sjóvarna.
4. Erindi frá skólastjóra Grunnskólans á Blönduósi.
5. Bréf frá stýrihópi um gerð fjarskiptaáætlunar.
6. Tilkygning um ársþing SSNV.
7. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún.
8. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.
9. Starfsmannamál.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Tillaga borin upp um að Valdimar Guðmannsson gegni starfi formanns bæjarráðs. *Tillagan samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.*

Tillaga borin upp um að Jóhanna G. Jónasdóttir gegni starfi varaformanns. *Tillaga samþykkt með tveimur atkvæðum. Ágúst Þór Bragason situr hjá.*

2. Fulltrúar *Hagsmunafélags hestaeigenda á Blönduósi* mæta til viðræðna. *Mætt eru Eiríkur Ingi Björnsson, Sigríður Alda Björnsdóttir og Þórólfur Óli Aadnegard til viðræðna um hin ýmsu mál er varða hestaeigendur á Blönduósi. Rætt um reiðmennsku í þéttbýli sem og heyrúllustæði sem staðsett er við Kleifarhornsnámu og voru fundarmenn sammála um að mikil sjónmengun sé af. Einnig tjáð máls á miklum umferðarhraða á Svínvetningabraut þar sem reiðleiðir liggja meðfram veginum. Margt fleira rætt. Samþykkt að bæjarstjóri ásamt fulltrúa frá hagsmunafélaginu vinni sameiginlega að leiðum til úrbóta og að lögð verði fram greinargerð við fyrstu hentugleika um hin ýmsu mál er að hestaeigendum snúa.*
3. Framkvæmdaáætlun vegna sjóvarna. *Lögð fram til kynningar langtímaáætlun vegna sjóvarna 2005 – 2008.*
4. Erindi frá skólastjóra Grunnskólans á Blönduósi. *Fram lagt skjal yfir kennslumagn skólaárið 2004-2005. Sótt er um 390 kennslustundir. Bæjarráð samþykkir tillöguna.*



5. Bréf frá stýrihópi um gerð fjarskiptaáætlunar.

Fram lagt til kynningar erindi frá stýrihópi um gerð fjarskiptaáætlunar sem áætlað er að verði lögð fyrir samgönguráðherra fyrir 1. september nk. Í bréfinu kemur fram að mögulegt er að koma ábendingum og athugasemdum varðandi fjarskiptamál á framfæri á heimasíðu stýrihópsins.

6. Tilkynning um ársþing SSNV.

Árþingið verður haldið dagana 27. og 28. ágúst 2004 í Félagsheimilinu Héðinsminni í Akrahreppi í Skagafirði. Tilkynna þarf nöfn aðal- og varafulltrúa til setu á þinginu fyrir 1. júlí nk.

7. Fundargerð Héraðsráðs A-Hún.

Fundargerðin frá 1. júní 2004 er lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.

Lögð fram til kynningar.

9. Starfsmannamál.

Bæjarstjóri leggur til eftirfarandi breytingar á starfsmannamálum: "Varðandi nýsamþykktar skipulagsbreytingar er lagt til að 100% stöðu forstöðumanns íþróttahúss og 50% staða húsvarðar grunnskóla verði sameinuð í eina 100% stöðu. Jafnframt er lagt til að staða eftirlitsmanns fasteigna sem í dag er 50% verði breytt í 100% stöðu eftirlitsmanns eigna". Bæjarráð vísar tillögunni til næsta fundar bæjarstjórnar.

10. Önnur mál.

a. Tilnefning í stjórn Héraðsbókasafns A-Hún.

Áshreppur, Blönduóssbær, Bólstaðarhlíðahreppur og Torfalækjahreppur hafa gert með sér samstarfssamning um rekstur Héraðsbókasafns A-Hún. Í stjórn skulu sitja 2 fulltrúar Blönduóssbæjar og 1 fulltrúi annars aðildarsveitarfélags. Bæjarráð tilnefnir Hjördísi Blöndal og Stefaníu Garðarsdóttur sem aðalmenn og Hlíf Sigurðardóttur sem varamann. Frá aðildarsveitarfélögunum hafa verið tilnefnd Gréta Björnsdóttir sem aðalmaður og Sigursteinn Bjarnason sem varamaður. Samþykkt samhljóða.

b. Úttekt á frjálsíþróttastöðu á Blönduósvelli.

Bæjarstjóri lagði fram úttekt á frjálsíþróttastöðu á Blönduósvelli sem unnin er af Arnþóri Sigurðssyni, framkvæmdastjóra USAH.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:35.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

